



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 11. febrúar 2022

2202011SA KB
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um loftferðir, 186. mál.

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 20. janúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um loftferðir, 186. mál. Að beiðni sambandsins var frestur til að skila inn umsögn lengdur til 11. febrúar og þakkar sambandið fyrir veitt svigrúm.

Afstaða sambandsins

Sambandið gerði verulegar athugasemdir við tiltekin ákvæði frumvarpsins þegar það var til umfjöllunar á Alþingi vorið 2021. Ekki hefur verið tekið tillit til athugasemda sambandsins og er [fyrrí umsögn](#) því meðfylgjandi til nánari skýringa. Þá vísar sambandið einnig til umsagna Reykjavíkurborgar, bæði nú og á fyrra þingi, og tekur undir þau sjónarmið sem þar koma fram.

Athugasemdir sambandsins lúta aðallega að því inngripi í skipulagsvald sveitarfélaga sem frumvarpið boðar. Er það sér í lagi 146. gr. frumvarpsins sem heimilar ráðherra að setja skipulagsreglur fyrir flugvöll sem opinn er almenningi og landsvæði þar sem fyrirhugað er að byggja flugvöll. Verði frumvarpið að lögum ganga skipulagsreglur ráðherra framur skipulagsvaldi sveitarfélaga. Er gert ráð fyrir að sveitarstjórnir verði bundnar af skipulagsreglum flugvallarins og þurfi að aðlaga gildandi svæðis-, aðal- og deiliskipulag sitt að skipulagsreglum flugvallarins.

Að mati sambandsins er hér um að ræða afar íþyngjandi inngrip í skipulagsvald sveitarfélaga sem sveitarfélögin geta á engan hátt sætt sig við. Hér er tilefni til að minna á að skipulagsvaldið er hornsteinn sjálfstjórnarréttar sveitarfélaga. Aðeins í algjörum undantekningartilfellum er hægt að réttlæta að lögfesta frávik frá þeirri meginreglu að skipulagsvaldið er hjá sveitarfélögunum. Þá telur sambandið verulega skorta á að ráðuneytið hafi rökstutt nægilega vel í greinargerð hvers vegna þörf sé á svo miklu inngripi í skipulagsvald sveitarfélaga. Þessu til stuðnings ítrekar sambandið vísun til ummæla í [nefndaráliti umhverfis- og samgöngunefndar](#) við umfjöllun um breytingar á skipulagslögum árið 2020 vegna svonefnds raflínuskipulags en þar segir:

„Ljóst er að frumvarpið felur í sér frávik frá meginreglum skipulagslaga um að sveitarfélög fari með skipulagsvaldið. Öll slík frávik ber að túlka afar þröngt. Meiri hlutinn bendir á að nú þegar setja ýmis lög takmarkanir á heimildir sveitarfélaga til ákvarðanatöku um landnotkun


við skipulagsgerð eins og fjallað er um í greinargerð frumvarpsins. Meiri hlutinn áréttar að ákvæði frumvarpsins eru skýrt afmörkuð að efni, þ.e. taka einungis til lagningar raflína í flutningskerfi raforku. Ákvæðin ná ekki til annarra innviða eins og samgönguframkvæmda og er það mat meiri hlutans að þær skapi ekki fordæmi varðandi frekari takmörkun á skipulagsvaldi sveitarfélaga. Framkvæmdir við meginflutningskerfi raforku eru sérstaks eðlis, liggja yfir mörk nokkurra sveitarfélaga og eru ólíkar ýmsum öðrum samfélagslegum innviðum, sem að mati meiri hlutans réttlæta að umfjöllun um skipulagsbreytingar og framkvæmdaleyfi hljóti sérstaka málsmeðferð.“ (275. mál – 151. löggjafarþing)

Að álit sambandsins fellur 146. gr. frumvarpsins ekki að þeirri afmörkun sem fram kemur í nefndarálitinu. Telur sambandið því einboðið að frumvarpsgreinin fari ekki óbreytt til annarrar umræðu á Alþingi.

Með vísan til framangreinds, fyrri umsagnar sambandsins og umsagna Reykjavíkurborgar, leggst sambandið gegn því að frumvarpið verði samþykkt fyrr en gerðar hafi verið breytingar sem taka mið af fyrrgreindum sjónarmiðum.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri